

1988

Þriðjudaginn 22. nóvember 1983.

Nr. 147/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurbirni Bjarnasyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar að kröfu ákærða, en jafnframt er því áfrýjað af hálfu ákærvalds refsingu ákærða til þyngingar.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 12. október 1983.

Samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 14. nóvember 1983, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, var ákærða veitt reynslu- lausn af 30 daga eftirstöðvun refsingar samkvæmt þremur refsidóm- um hinn 11. maí 1980, en ekki hinn 26. maí 1980, eins og segir í sakavottorði ákærða.

Vegna þess, sem fram er komið í málinu um áfengisneyslu ákærða á heimili sínu laugardaginn 15. maí, verður rannsókn sú, er gerð var á vínandamagni í blóði hans, ekki talin einhlítt sönnun- argagn um vínandamagn í blóði hans við aksturinn. Blóðrannsóknin ásamt vætti Leifs Guðlaugssonar, framburði ákærða sjálfs fyrir lög- reglu og að nokkru fyrir dómi svo og öðru því, sem fram er komið í málinu, þykir eigi að síður veita sönnun fyrir því, að ákærði hafi vegna áfengisneyslu eigi getað stjórnað ökutæki örugglega, er hann ók bifreiðinni R 70281. Braut hann með því gegn 2. mgr. 25. gr. laga nr. 40/1968, sbr. og 3. mgr. sömu greinar. Að öðru leyti þykir ákærði með atferli sínu hafa brotið gegn þeim ákvæðum umferðar- laga nr. 40/1968, er greinir í hinum áfrýjaða dómi, og unnið með því til refsingar samkvæmt 80. gr. þeirra laga, sbr. lög nr. 54/1976. Þykir refsingin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með skírskotun til for- sendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 7.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurbjörn Bjarnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin sakasóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. maí 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 26. maí, er á þingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í máli nr. 215/1983: Ákærvaldið gegn Sigurbirni Bjarnasyni, sem tekið var til dóms 6. s. m.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 22. október sl., gegn „Sigurbirni Bjarnasyni iðnaðarmanni, Yrsufelli 7, Reykjavík, fæddum þar í borg 26. maí 1954, fyrir að aka laugardaginn 15. maí 1982 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R 70281 óvarlega aftur á bak á bifreiðastæði við heimili sitt, þannig að bifreiðin rakst þar á bifreiðina Z 1093, sem var kyrrstæð og mannlaus, síðan að aka brott af vettvangi, án þess að gera viðeigandi ráðstafanir vegna ákeyrslunnar, að húsi í Hóla hverfi í Breiðholti og til baka.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar barst henni kl. 1626 laugardaginn 15. maí f. á. vitneskja um, að ölvaður maður hefði ekið á bifreið við Yrsufell 5—7 og horfið af vettvangi. Þar kom í ljós, að bifreiðinni R 70281, eigandi Bjarni Ágúst Jónsson, fæddur 11. júlí 1962, til heimilis að Yrsufelli 7, hafði verið ekið á bifreiðina Z 1093, eigandi Þorvaldur Þór Jónsson vélvirki, Nýbýlavegi 90, Kópavogi. Vél bifreiðarinnar R 70281 var „heit“ og lykklar

í kveikjulás. Á fyrrgreindu bifreiðinni reyndist afturhöggvari vera dældaður vinstra megin, en á þeirri síðargreindu var afturhöggvari dældaður fyrir miðju. Sjónarvottar vísuðu á ákærða, frænda eigandans, sem reyndist vera „áberandi ölvaður“ heima að Yrsufelli 7. Þar voru einnig eigandinn og Sigríður Guðrún Stefánsdóttir afgreiðslustúlka, Ásgarði 73, fædd 18. júlí 1963. „Ekkert vín sá á þeim.“ Eigandinn tjáði lögreglunni, að hann hefði skilið við bifreiðina í staði við húsið um kl. 0400 um morguninn, síðan sofið og væri nývaknaður. Sigríður Guðrún kvaðst hafa verið sofandi. Ákærði kvaðst ekkert um málið vita. Eftir að lögreglan hafði rætt við vitni, flutti hún þau þrjú á lögreglustöðina. Þar kvaðst ákærði enn (kl. 1720) ekkert um málið vita, hann hefði verið sofandi, er atburðurinn átti sér stað, og neitaði að hafa ekið. Var ákærði færður til blóðtöku (kl. 1743) og síðan í fangageymslu. Bjarni Ágúst og Sigríður Guðrún fengu að fara frjáls ferða sinna. Í blóðsýni ákærða reyndist magn alkólhóls vera 2.19‰.

Í frumskýrslu lögreglunnar er haft eftir Leifi Guðlaugssyni verkstjóra, Yrsufelli 7, fæddum 1. apríl 1923, að hann hafi haft tal af ákærða, „rétt áður“ en hann hóf aksturinn, og reynt að telja hann af því að aka, þar sem hann var „áberandi ölvaður.“ Ákærði hafði orð á, að hann ætlaði að aka til systur sinnar. Leifur sá, er bifreiðinni R 70281 var ekið aftur á bak á bifreiðina Z 1093 og síðan á brott.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík hefur Leifur skýrt svo frá, að hann hafi verið staddur í anddyri hússins Yrsufells 7, er óhappið átti sér stað. Veitti hann þá athygli ákærða, sem býr í húsinu, á næstu hæð fyrir ofan vitnið, er hann kom út úr húsinu, og var hann „drukkinn.“ Ákærði fór að stórri fólksbifreið, sem vitnið mundi ekki skráningarnúmer á. Þar sem greinilegt var, að ákærði hugðist aka bifreiðinni, gekk vitnið til ákærða og bað hann að láta það vera. Ákærði hlustaði ekki á vitnið, ók bifreiðinni áftur á bak til suðurs á staðinu og á mannlausa bifreið. Síðan ók ákærði brott. Eftir um 10 mínútur kom ákærði aftur á bifreiðinni. Ákærði var einn í bifreiðinni, er atvikið átti sér stað. Börn voru þarna einnig nærstödd, og skömmu síðar leitaði eigandi hinnar bifreiðarinnar til vitnisins, sem tjáði honum málavexti. Eigandi mun í fyrstu hafa reynt að leita réttar síns við eiganda bifreiðarinnar, sem ákærði ók. Hjá honum mun hann hafa fengið leiðinlegar móttökur og því leitað til lögreglunnar.

Í dómnum kvaðst vitnið hafa hitt ákærða fyrir utan anddyrið, var hann mjög drukkinn og hafði á orði, að hann ætlaði að fara á bil ofar í hverfið. Skildist vitninu á ákærða, að hann ætlaði að hitta systur sína. Vitnið margað ákærða að hreyfa ekki bifreiðina. Ákærði sinnti því engu og fór af stað á bifreiðinni. Er ákærði ók henni aftur á bak á staðinu, ók hann á aðra bifreið. Ákærði kom ekki út til að huga að skemmdum, heldur ók rակleitt brott og kom aftur að bifreiðinni eftir um það bil 15—20 mínútur.

Eigandi hinnar bifreiðarinnar kom að máli við vitnið síðar eftir tilvísun frá börnum, sem horfðu á atburðinn. Vitninu skildist á eigandanum, að hann væri búinn að tala við ákærða og eiganda bifreiðarinnar, sem olli tjóninu. Þar eð hann fékk enga leiðréttingu mála sinna, hefði hann kallað á lögregluna. Í dóminum taldi vitnið, að hálf til heil klukkustund hefði liðið, frá því akstri ákærða lauk og þar til lögreglan talaði við vitnið. Vitnið sagði það rangt hjá ákærða, að það hefði verið búið að neyta áfengis umrætt kvöld.

Í frumskýrslu málsins er haft eftir Gísla Vígslundssyni bifreiðarstjóra, Yrsufelli 7, fæddum 25. ágúst 1935, að hann hefði horft á það út um eldhúsglugga sinn á 2. hæð, að bifreiðinni R 70281 var ekið aftur á bak á bifreiðina Z 1093, en hann ekki séð, hver ók bifreiðinni.

Við rannsókn málsins skýrði vitnið Gíslu lögreglunni svo frá, að hann hafi staðið við eldhúsglugga sinn og horft út á stæðið. Þá veitti hann því athygli, að bifreiðinni R 70281 var ekið aftur á bak til suðurs á stæðinu á rauða Saab bifreið. Vitnið sá ekki, hver var ökumaður eða hvort hann var ölvaður eður ei. Ekki sá vitnið ökumanninn koma út eftir óhappið, heldur var bifreiðinni ekið brott. Vitnið vissi ekki, hvenær bifreiðin kom á stæðið aftur, en „frétti,“ að það hefði verið stuttu seinna. Vitnið kvaðst geta fullyrt, að ökumaðurinn hafi verið einn í bifreiðinni. Vitninu var kunnugt, að „Bjarni, Yrsufelli 7,“ átti bifreiðina.

Í dóminum kvaðst Gíslu hafa horft á það út um eldhúsgluggann sinn, að bifreið, sem Bjarni Ágúst átti, hafi verið ekið aftur á bak á Saab bifreið, sem var á stæðinu. Síðan var bifreiðinni ekið á brott. Ekki sá vitnið, er bifreiðin kom aftur á stæðið. Það sá ekki, hver ökumaðurinn var og gat ekki borið um ástand hans. Vitnið sá aðeins ökumanninn í bifreiðinni.

Haft er eftir Þorvaldi Þór Jónssyni, sem lögreglan hitti á vettvangi, í frumskýrslu, að börn hafi tjáð honum, að maður hefði ekið bifreið aftur á bak á hans bifreið á stæðinu og síðan á brott. Maðurinn hefði komið aftur, og börnin þekktu hann, því hann var búsettur í Yrsufelli 7. Hann hefði ætlað af fá Bjarna Ágúst til að bæta tjónið án lögregluafskipta. Bjarni Ágúst hefði lokað á hann og sagt, að hann hefði eigi hugmynd, um hvað hann væri að tala. Þessar móttökur urðu til þess, að hann leitaði til lögreglunnar. Ekki var Þorvaldur Þór yfirheyrður við lögreglurannsóknina.

Í dóminum hefur Þorvaldur Þór skýrt svo frá, að á umræddum tíma hafi hann haldið til að Yrsufelli 5 og verið að koma frá húsi nr. 1 í sömu götu, er börn á stæðinu tilkynntu honum um áreksturinn. Vitnið spurðist fyrir um eiganda hinnar bifreiðarinnar. Þá kom fyrst til dyra drukinn maður og síðan annar ódrukinn, sem tjáði sig vera eiganda bifreiðarinnar. Hann kvaðst eigi hafa hreyft bifreiðina síðan um morguninn. Virtist hann

ekki taka vitnið alvarlega, enda greinilega nývaknaður. Þá kvaðst vitnið súa sér til lögreglunnar, úr því hann vildi ekki semja. Vitnið kvaðst hafa talað við tvo fullorðna menn í Yrsufelli 7, sem vildu upphaflega ekki hafa nein afskipti af málinu, en kváðust hafa séð áreksturinn. Vitnið sá ekki nein merki um áfengisneyslu á mönnunum. Vitnið minnti, að börnin og mennirnir hafi sagt, að ökumaðurinn hefði verið ölvaður. Ekki gat vitnið borið um, hve langur tími leið frá árekstrinum og þar til það fékk vitneskju um hann, en taldi, að 15—20 mínútur hefðu liðið frá þeirri vitneskju og þar til lögreglan kom.

Sigríður Guðrún Stefánsdóttir var ekki yfirheyrð við lögreglurannsókn. Í dómnum hefur hún skýrt svo frá, að hún myndi ekki, hvenær hún kom í íbúðina að Yrsufelli 7 umrætt sinn, og myndi ekki, hver opnaði, var það annað hvort Bjarni Ágúst eða Rannveig, amma Bjarna Ágústs og móðir ákærða. Eitthvað var vitnið undir áfengisáhrifum. Ekki mundi vitnið, hvort ákærði var í íbúðinni við komu þess. Vitnið fór fljótlega að sofa og vaknaði ekki fyrr en einhverjir menn voru að berja á dyrnar eða hringja dyrabjöllu. Voru þeir að kvarta um ákeyrslu á bifreið. Þá var ákærði í íbúðinni undir áfengisáhrifum. Vitnið vissi ekki, hvenær hann kom eða í hvaða ástandi hann var þá. Vitninu var ókunnugt um, að ákærði hefði farið á bifreið Bjarna Ágústs. Ekki mundi vitnið sérstaklega eftir því, hvort áfengi var í íbúðinni umrætt sinn, því það hefði oft komið þarna og stundum verið þar áfengi.

Daginn eftir atburðinn tók lögreglan svohljóðandi skýrslu af Bjarna Ágústi Jónssyni:

„Sigurbjörn býr heima hjá mér annað slagið, en á annars íbúð uppi á Akranesi. Ég hitti Sigurbjörn aðfaranótt laugardagsins niðri á BSÍ, en þangað fór ég til að taka benzín á bílinn minn. Þar var Bjösssi að leita eftir áfengi, og lét ég hann þá hafa flösku, sem ég var með í bílnum, sennilega hálf af áfengi, en get þó ekki fullyrt það, hvað mikið var í flöskunni. Síðan skutlaði ég Bjösssa vestur að Selbúðum og fór svo sjálfur heim og var kominn þangað um klukkan 0600, og þá var Sigga komin, og fórum við bara að sofa. Síðan vakna ég seinna við það, að Bjösssi er kominn og bað mig um áfengi, og ég benti honum á flösku með blönduðu vodka í, og í flöskunni hefur verið um það bil $\frac{1}{4}$ af þessu blandaða vodka. Eftir það hélt ég áfram að sofa, en vaknaði aftur við það, að maður kom og barði á dyrnar og sagði, að bílnum mínum hafi verið ekið á bílinn hans. Ég kannaðist ekkert við það og sagði mannum að fara heim til sín og halda áfram að sofa. Ég get ekki gert mér fulla grein fyrir því, hvað klukkan var, þegar þetta gerðist, og vissi ekki til þess, að Bjösssi hafi farið neitt á bílnum mínum. Ég veit ekki einu sinni, hvort ég lét hann hafa áfengið

fyrir eða eftir að hann hafði farið á bílnum og hvort hann var nýkominn inn eða ekki.

Ég get ekki borið um það, hvort Bjóssi var mikið fullur eða ekki, þegar ég hitti hann niðri á BSÍ.

Ég sá hann ekki neyta áfengis heima hjá mér.“

Í dóminum hefur Bjarni Ágúst Jónsson sagt, að framangreindur framburður sé rétt bókaður eftir sér. Að öðru leyti bar vitnið, að ákærði, móðurbróðir sinn, hefði verið „edru“, er það hitti hann á Umferðarmiðstöðinni og lét hann fá áfengisflöskuna, og var ákærði ekki farinn að drekka af flöskunni, er leiðir skildu í Selbúðum. Vitnið vissi ekkert um akstur ákærða, fyrr en eftir að kvartað var um ákeyrsluna. Vitnið lét ákærða hafa aðra áfengisflösku heima og taldi, að ákærði hefði ekki farið út eftir það. Eina klukkustund taldi vitnið, að liðið hefði, eftir að kvartað var og þar til lögreglan kom, og minnti vitnið, að ákærði hafi neytt áfengis á þeim tíma. Eftir að vitninu var bent á misræmi framburða þess, sagði það, að sig minnti, að ákærði hefði ekkert farið út, eftir að hann fékk flöskuna heima, og sig minnti, að hann hefði verið „edru“, er það hitti hann á Bifreiðastöð Íslands.

Kl. 1010 næsta morgun var ákærði kominn til yfirheyrslu eftir dvöl í fangageymslu. Þá sagði hann:

„Ég fór á dansleik á laugardagskvöld, og þar neytti ég áfengis og hef sennilega verið við drykkjuna fram til 03.00, að dansleiknum lauk. Eftir það fór ég heim til mín og fór að sofa, en vaknaði aftur að ég held um klukkan 14.00 til 15.00, og þá fór ég af stað á bílnum hans frænda míns, Bjarna Á. Jónssonar, og ók út í Hólhverfið, og þar ætlaði ég að hitta systur mína, en hún var þá ekki heima, svo ég fór til baka aftur, en man ekki til þess, að ég hafi ekið utan í neinn bíl, en vil ekki þræta fyrir það, að það hafi getað gerst.

Þegar ég kom inn aftur til Bjarna, var hann sofandi enn og einnig Sigríður, kærasta hans. Ég vakti Bjarna og spurði hann, hvort ég mætti ekki eiga áfengi, sem þarna var á flösku, og gaf Bjarni mér það, og ég kláraði úr flöskunni, en þetta var heilflaska, hálf af blönduðu vodka. Eftir það fór ég að sofa og vaknaði ekki aftur fyrr en lögreglan kom.

Ég fann ekki til áfengisáhrifa við aksturinn, og áfengisins neytti ég eftir að akstrinum lauk.“

Að lokinni yfirheyrslu var ákærði á ný vistaður í fangageymslu. Klukkan 1255 var hann aftur yfirheyrður. Í millitíðinni hafði Bjarni Ágúst verið yfirheyrður. Nú sagði ákærði:

„Ég var mikið drukkinn um nóttina og man ekki svo vel um ferðir mínar, en man þó það, að ég drakk áfengi, sem ég fékk hjá einhverjum krökkum,

um hádegisbilið á laugardeginum. Eftir það fór ég heim að Yrsufelli 7, stoppaði lítið og fór síðan á bílnum hans Bjarna, en neytti ekki frekar áfengis, fyrr en ég kom aftur til baka, en þá fékk ég áfengi hjá Bjarna. Ég man, að þegar ég ók bílnum, fann ég til þreytu og slappleika, og tel, að það geti verið áhrif frá neyslu áfengis.

Þrátt fyrir það, að ég reyni að muna það, þá man ég ekki eftir því að hafa ekið utan í aðra bifreið.“

Eftir birtingu ákæru í dómnum kannaðist ákærði við að hafa ekið bifreiðinni R 70281 þá leið, sem í ákæru greinir, en kannaðist ekki við að hafa verið undir áfengisáhrifum eða að hafa ekið utan í annan bíl. Ákærði kvað vitnið Leif Guðmundsson sjálfan hafa verið ölvaðan umrætt sinn og mótmælti því framburði hans. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að sofa töluvert, áður en lögreglan kom, og hafi verið búinn að drekka úr hálfri flösku. Þá var ákærða kynntur seinni framburður hans hjá lögreglu. Hann kannaðist við undirskrift sína, en sagði það ekki rétt, að hann hefði drukkið á laugardeginum. Ekki mundi ákærði, hvort hann sagði lögreglumanninum þetta eða ekki. Ákærði kvaðst hafa drukkið kvöldið og nóttina fyrir akstur. Ákærði var ekkert „timbraður“ daginn eftir, en var með hausverk, eins og hann eigi vanda til, enda með of háan blóðþrýsting.

5. þ. m. kvaðst ákærði ekki geta af eigin raun borið um, að vitnið Leifur Guðlaugsson hafi verið ölvað, er lögreglan kom á vettvang, þetta hafi hann eftir Bjarna Ágústi, frænda sínum, og Sigríði Guðrúnu, unnustu hans. Ákærði kvaðst ekkert hafa talað við Leif eða hitt hann í anddyrinu.

Einar Ásbjörnsson lögreglumaður, fæddur 1. maí 1951, sem skrifaði frumskýrslu málsins, hefur í dómnum borið, að hann minnst þess ekki að hafa séð áfengisáhrif á vitninu Leifi Guðlaugssyni, og taldi víst, að það hefði komið fram í skýrslunni, hefði svo verið.

Með vísan til framburðar Leifs Guðlaugssonar sjálfs, Þorvalds Þórs Jónssonar og Einars Ásbjörnssonar verður dómurinn að hafna því með öllu, að vitnið Leifur hafi verið undir áfengisáhrifum, enda virðist hér nánast vera um tylliástæðu ákærða að ræða.

Sannað er með játningu ákærða sjálfs og öðrum gögnum málsins, einkum framburði vitnisins Leifs, að ákærði hafi umrætt sinn ekið bifreiðinni R 70281, sviptur ökuréttindum ævilangt, þá leið, sem í ákæru greinir. Varðar það háttalag við 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Með framburðum vitnanna Leifs og Gísla Víglundssonar er sannað, að ákærði ók bifreiðinni aftur á bak á bifreiðina Z 1093. Að vísu hefur Gísli eigi fullyrt, að hann hafi borið kennsl á ákærða sem ökumann, en ákærði hefur viðurkennt sjálfur að hafa verið þarna á ferð á þeim tíma, sem máli skiptir, og Gísli borið, að ökumaðurinn hafi verið einn í bifreiðinni. Engum öðrum en ákærða er því til að dreifa. Þetta framferði ákærða er and-

stætt 1. mgr. 37. gr. sömu laga, og sú vanræksla að gera ekki lögmætar ráðstafanir vegna ákeyrslunnar varðar við 1. og 2. mgr. 41. gr. laganna.

Framburðir Bjarna Ágústis og Sigríðar Guðrúnar gefa engar áreiðanlegar upplýsingar um ástand ákærða, er akstur hans fór fram. Hins vegar er sannað með framburði vitnisins Leifs, seinni framburði ákærða hjá lög-reglu, niðurstöðu alkóhólrannsóknar, aksturslagi ákærða og framkomu hans eftir akstur, að ákærði hafi verið undir áfengisáhrifum við aksturinn, enda firn mikil, að neysla á slatta áfengisblöndu úr flösku, sem ákærði kann að hafa drukkið eftir akstur, hafi leitt til slíks magns alkóhóls í blóði, sem raun varð á. Akstur ákærða í þessu ástandi varðar sérstaklega við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaganna.

Ákærði hefur sætt refsingum, sem hér greinir:

- 1970 Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 8/12 1970.
- 1971 4/11 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1972 4/2 Reykjavík: Dómur: 60 daga varðhald, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 18 mánuði frá 28/8 1971.
- 1972 15/6 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1972 22/8 Reykjavík: Dómur: 2 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. (Hegningarauki).
- 1973 7/2 Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot á 155. gr., 244. og 257. gr. hegningarlaga. (Dómar 4/2, 15/6, 22/8 1972 dæmdir með).
- 1974 4/4 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1975 5/3 Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1975 20/12 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1976 29/11 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1977 20/9 Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1977 17/11 Reykjavík: Sátt, 75.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 17/11 1977.
- 1978 26/4 Reykjavík: Dómur: 30 daga fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1979 26/10 Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi fyrir brot gegn 259. gr.

- hegningarlaga, 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 26/10 1979.
- 1979 1/11 Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1979 13/12 Reykjavík: Dómur Hæstaréttar: Dómur uppkveðinn 26/4 1978 staðfestur.
- 1980 25/2 Reykjavík: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengis-laga og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1980 26/5 reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 30 dögum.

Ákærði hefur með brotum sínum á framangreindum háttarnisreglum umferðarlaga unnið til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Með vísan til sáttar frá 17. nóvember 1977 og dóms frá 26. október 1979, 71. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 telst refsing ákærða hæfilega ákveðin 40 daga varðhald.

Einnig ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða rétti ævilangt til að öðlast ökuleyfi á ný.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurbjörn Bjarnason, sæti varðhaldi í 40 daga.

Ákærði er ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi á ný.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn.
